

REGLUGERÐ

um sykur og sykurvörur.

I. KAFLI

Gildissvið og merking.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um sykur og sykurvörur sem skilgreindar eru í viðauka 1. Hún gildir þó ekki um flórsykur, kandíssykur eða vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópsks efnahagssvæðis.

2. gr.

Þau heiti sem skráð eru í viðauka 1 gilda um þær vörur sem þar eru skilgreindar og skal nota þau í viðskiptum til að auðkenna þær. Heimilt er að nota heiti í 2. tl. viðauka 1 til að auðkenna vörur sem tilgreindar eru í 3. tl. sama viðauka.

3. gr.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum:

- a) vöruheiti í samræmi við skilgreiningar í viðauka 1. Auk þess er heimilt að fram komi heiti sem er viðurkennt í einstökum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, að því tilskildu að ekki sé hætt á að slíkt heiti villi um fyrir neytendum. Ekki er skylt að setja áletrunina „mónóhýdrat“ og „anhýdríð“ á vörur sem skilgreindar eru í 9. og 10. tl. viðauka 1 og seldar eru í smásölu.
 - b) upplýsingar um magn þurrefnis og invertsykurs í sykurlausn, invertsykurlausn eða invertsírópi;
 - c) heitið „kristallað“ fyrir invertsíróp sem inniheldur kristalla.
- Fyrir vörur sem pakkað er í 10 kg einingar eða meira (nettóþyngd) og ekki eru ætlaðar til smásölu, er heimilt að upplýsingarnar sem um getur í liðum b og c, komi aðeins fram í fylgiskjölum.

II. KAFLI

Eftirlit og gildistaka.

4. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

5. gr.

Aðferðir við sýnatöku og greiningu skulu vera í samræmi við viðauka 2 í þessari reglugerð og tilskipun Evrópusambandsins nr. 79/786/EBE um greiningaraðferðir á sykri frá 26. júlí 1979.

6. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 7. tölul., tilskipun 73/437/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna sykurvörur til manndis og 21. tölul., tilskipun 79/786/EBE um greiningaraðferðir innan bandalagsins á tilteknum sykrungum sem ætlaðir eru til manndis. Þá var höfð hliðsjón af reglugerð ESB nr. 1265/69/EBE um aðferðir til að ákvarða gæði tiltekinna sykurvara.

Umhverfissráðuneytið, 12. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Viðauki 1
Vöruheiti og skilgreiningar

1. *Hálfhvítur sykur*

- hreinsaður og kristallaður súkrósi, sem einkennist af eftirfarandi:
 - a) skautun $\geq 99,5^\circ$
 - b) invertsykur $\leq 0,1\%$ miðað við þyngd
 - c) efnistap við þurrkun $\leq 0,1\%$ miðað við þyngd
 - d) leifar brennisteinsdíoxíðs ≤ 15 mg/kg

2. *Sykur eða hvítur sykur*

- hreinsaður og kristallaður súkrósi, sem einkennist af eftirfarandi:
 - a) skautun $\geq 99,7^\circ$
 - b) invertsykur $\leq 0,04\%$ miðað við þyngd
 - c) efnistap við þurrkun $\leq 0,1\%$ miðað við þyngd
 - d) leifar brennisteinsdíoxíðs ≤ 15 mg/kg
 - e) litargerð ≤ 12 punktar (sbr. viðauka 2)

3. *Fínhreinsaður hvítur sykur*

- vara sem hefur sömu einkenni og um getur í a-d lið 2. tl. með heildarpunktafjölda sem ákvarðaður er samkvæmt viðauka 2, mest 8 og ekki fleiri en:
 - 4 fyrir litargerð
 - 6 fyrir ösku
 - 3 fyrir lit lausnar

4. *Sykurlausn¹⁾*

- vatnslausn súkrósa sem einkennist af eftirfarandi:
 - a) þurrefni $\geq 62\%$ miðað við þyngd
 - b) invertsykur (hlutfall frúktósa og glúkósa $1 \pm 0,2$) $\leq 3\%$ miðað við þyngd þurrefnis
 - c) aska (mælt með leiðni) $\leq 0,1\%$ miðað við þyngd þurrefnis (sbr. viðauka 2)
 - d) litur í lausn ≤ 45 -ICUMSA einingar (sbr. viðauka 2)
 - e) leifar brennisteinsdíoxíðs ≤ 15 mg/kg þurrefnis

5. *Invertsykurlausn*¹⁾

- vatnslausn súkrósa (að hluta til vatnsrofinn), sem einkennist af eftirfarandi:
 - a) þurrefni $\geq 62\%$ miðað við þyngd
 - b) invertsykur (hlutfall frúktósa og glúkósa $1\pm 0,1$) Frá 3% og upp í 50% miðað við þyngd þurrefnis
 - c) aska (mælt með leiðni) $\leq 0,4\%$ miðað við þyngd þurrefnis (sbr. viðauka 2)
 - d) leifar brennisteinsdíoxíðs ≤ 15 mg/kg þurrefnis

6. *Invertsíróp*¹⁾

- vatnslausn (hugsanlega kristölluð) af súkrósa, sem er að hluta til vatnsrofinn, þar sem magn invertsykurs er meira en 50% af þurrefni og lausnin að öðru leyti í samræmi við a, c og d lið 5. töluliðar.

7. *Glúkósasíróp*

- hreinsuð og þykkt vatnslausn sykra, sem unnar eru úr sterkju, og einkennist af eftirfarandi:
 - a) þurrefni $\geq 70\%$ miðað við þyngd
 - b) dextrósajafngildi $\geq 20\%$ miðað við þyngd þurrefnis, gefið upp sem glúkósi
 - c) aska (súlfateruð) $\leq 1\%$ miðað við þyngd þurrefnis
 - d) leifar brennisteinsdíoxíðs ≤ 20 mg/kg

8. *Þurrkað glúkósasíróp*

- glúkósasíróp þurrkað að hluta, með a.m.k. 93% þurrefni og að öðru leyti í samræmi við b–d lið 7. töluliðar.

9. *Dextrósamónóhýdrat*

- hreinsaður og kristallaður glúkósi, kristallaður með einni sameind af vatni og sem einkennist af eftirfarandi:
 - a) dextrósi (glúkósi) $\geq 99,5\%$ miðað við þyngd þurrefnis
 - b) þurrefni $\geq 90\%$ miðað við þyngd
 - c) aska (súlfateruð) $\leq 0,25\%$ miðað við þyngd þurrefnis
 - d) leifar brennisteinsdíoxíðs ≤ 15 mg/kg þurrefnis

10. *Dextrósaanhýdríð*

- hreinsaður og kristallaður glúkósi sem er ekki kristallaður með vatni, með a.m.k. 98% þurrefni og að öðru leyti í samræmi við a, c og d lið 9. töluliðar.

¹⁾ Orðið „hvítur“ er eingöngu heimilt að nota um:

- sykurlausnir, þegar litur þeirra fer ekki yfir 25 ICUMSA-einingar (International Commission for Uniform Methods of Sugar Analysis) sbr. viðauka 2;
- invertsykurlausn og invertsíróp, sem inniheldur ekki meira en 0,1% ösku og litur lausnarinnar fer ekki yfir 25 ICUMSA-einingar.

Viðauki 2
Litargerð, öskuinnihald og litur lausna
af hvítum og fínhreinsuðum hvítum sykri

Litargerð:

Einn punktur svarar til 0,5 eininga, sem ákvarðaðar eru samkvæmt 2. mgr. A-hluta í viðauka reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1265/69/EBE frá 1. júlí 1969.

Aska:

Einn punktur svarar til 0,0018%, ákvarðað með aðferðum Alþjóðanefndarinnar um samræmdar aðferðir í sykurgreiningum (ICUMSA) sem um getur í 1. mgr. A-hluta í viðauka við ofangreinda reglugerð.

Litur:

Einn punktur svarar til allt að 7,5 eininga, sem ákvarðaðar eru með ICUMSA-aðferðinni sem um getur í 3. mgr. A-hluta í viðauka við ofangreinda reglugerð.

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010,
er tekur til landnotkunar vestan við Eiðsgranda.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 21. júlí 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum, er tekur til landnotkunar og fyllingar vestan við Eiðsgranda.

Landnotkun breytist úr helgunarsvæði stofnbrautar og almennu útivistarsvæði í lóð undir verslun og þjónustu (bensínsala).

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 21. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.